



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 48/2021

Auðkennið ZOLO

I.

Erindið

Erindi Zolo og dætra ehf. barst Neytendastofu með bréfi þann 12. mars 2021 þar sem kvartað var yfir markaðssetningu og leigu City Bikes ehf. á rafskútum undir auðkenninu ZOLO, vefsíðunni zoloiceland.is og Facebook síðunni zoloiceland. Í erindinu kom fram að þess væri krafist að félaginu yrði bönnuð notkun vörumerkisins á vefsíðum að viðlögðum dagsektum. Fram kom að félagið Zolo og dætur hafi verið stofnað árið 2017 og innihaldi ZOLO í heiti sínu. Félagið hafi m.a. skráð vörumerkið ZOLO og vörumerkjaverndin taki m.a. til rafknúinna hlaupahjóla og rafhjóla.

Tiltekið er að í vörumerkjaréttinum felist að félagið eigi, sem eigandi vörumerkisins, einkarétt á notkun þess skv. ákvæðum laga nr. 45/1997, um vörumerki, sem feli í sér rétt til að banna þriðja aðila að nota vörumerkið í atvinnurekstri og í tengslum við vörur og þjónustu sbr. 4. gr. laganna. Þá sé skv. 5. gr. þeirra m.a. átt við að merki sé sett á vöru eða umbúðir hennar og að vara eða þjónusta sem auðkennd er með merkinu sé boðin til sölu, markaðssett eða markaðssetning undirbúin. Samkvæmt framangreindu hafi Zolo og dætur einkarétt á því að nota vörumerki með heitinu ZOLO fyrir vörur og þjónustu og önnur sambærileg merki eða heiti og notkun City Bikes brjóti í bága við framangreindan vörumerkjarétt félagsins.

Að auki leiði framangreind notkun City Bikes á vörumerkinu til verulegs ruglings en Zolo og dætur hafi orðið fyrir endurteknu ónáði vegna viðskiptavina þess fyrrnefnda sem séu að freista þess að ná til starfsmanna eða fyrirsvarsmanna City Bikes með því að hringja eða senda tölvupósta til Zolo og dætra. Það sé skiljanlegt í ljósi þess hversu óaðgengilegt sé að ná símasambandi eða sambandi yfirhöfuð við félagið sem hvergi láti nafn félagsins getið á vefsíðu sinni en noti vörumerki Zolo og dætra sem leið til þess að viðskiptavinir þess tengi starfsemina við rekstur Zolo og dætra.

Þá gangi háttsemi City Bikes í berhögg við 15. gr. a. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem kveði á um að óheimilt sé að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu



undir nafni sem gefi villandi upplýsingar um eignarétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Þá sé sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar fullum rétti.

Zolo og dætur vísi til þess að félagið hafi á fyrri stigum krafist þess að allri dreifingu eða sölu City Bikes undir heitinu ZOLO verði tafarlaust hætt en farið hafi verið fram á að vefverslun eða vefsíða þess og ábyrgðaraðilar létu af allri notkun heitisins og vörumerkisins ZOLO við hvers kyns markaðssetningu, sölu eða á hvern þann annan hátt sem um kynni að ræða. Farið hafi verið fram á að fjarlægðar yrðu tilvísanir til vörumerkisins án tafar m.a. af vefsíðunni zoloiceland.is, Facebook síðu þess og af rafskútum eða öðrum hlutum og að notkun á tölvupóstfangsins zolo@zoloiceland.is yrði hætt.

City Bikes hafi hafnað öllum kröfum með bréfi til Zolo og dætra þar sem ennfremur hafi komið fram að engin ruglingshætta sé til staðar. Það komi spánskt fyrir sjónir í ljósi þess linnulausa ónæðis sem Zolo og dætur verði fyrir vegna viðskiptavina City Bikes. Í ljósi þess að félagið haldi uppteknum hætti sé Zolo og dætrum nauðugur sá kostur að krefjast þess að Neytendastofa taki ákvörðun í samræmi við þær kröfur sem fram hafi komið í bréfi félagsins ellegar á annan þann hátt sem stofnunin telji að geti orðið til þess að koma í veg fyrir réttarbrot City Bikes.

II.

Málsmeðferð

1.

Erindi Zolo og dætra var sent City Bikes til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 25. mars 2021. Í bréfinu var vakin athygli á að stofnunin teldi 5. gr. laga nr. 57/2005 einnig geta átt við um erindið. Erindið var endursent í tvígang til Neytendastofu. Sendi stofnunin bréfið því með tölvupósti, dags. 26. apríl 2021.

Í svarbréfi City Bikes til Neytendastofu, dags. 3. maí 2021, voru ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. og 2. tölul. 3. gr. laga nr. 45/1997 rakin. Þá kom fram að eftir langt undirbúningsferli hafi City Bikes hafið rekstur til leigu á rafknúnum hlaupa- og rafhjólum þann 4. september 2019 undir heitinu Zolo Reykjavík, með vefsíðunni www.zoloiceland.is.

Zolo og dætur hafi rekið sína starfsemi undir vefsíðunni ilmoliulampar.is og þegar City Bikes hafi hafið sinn rekstur hafi auðkenning reksturs Zolo og dætra ekki verið bundinn við sérkennið ZOLO né hafi starfsemi þeirra verið undir sama vöruflokki og starfsemi City Bikes.

Bent sé á að gildandi vörumerkjaskráningar Zolo og dætra miði við umsóknardaga, annars vegar þann 1. nóvember 2019 til skráningar á vörumerkinu Zolo í vörumerkjaflokkum nr. 3, 4. og 35 og hins vegar með umsókn dags. 2. janúar 2020 til skráningar á orðmerkinu Zolo í vörumerkjaflokkum nr. 3., 4. og 35.



Ljóst sé að framangreindar skráningar hafi komið til eftir að City Bikes hóf rekstur sinn undir merkinu Zolo Reykjavík og Zolo Iceland, fyrir rekstur á leigu rafknúinna hlaupahjóla, sem njóti vörumerkjaverndar á grundvelli notkunar sbr. 2. tölul. 3. gr. laga nr. 45/1997. Sá réttur til notkunar á merkinu ZOLO Reykjavík og ZOLO Iceland teljist eldri en sá réttur sem Zolo og dætur geri tilkall til sbr. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 45/1997. Þá verði ekki talið að notkun Zolo og dætra á heitinu Zolo hafi haft slíkt sérkenni fyrir upphafsdag starfsemi City Bikes að slíkt skapi almennan vörumerkjarétt sem taki til ótengdrar starfsemi enda sé engin hætta á að neytendur rugli starfsemi Zolo og dætra, sem felist í sölu á ilmkertum og ilmólúlömpum, saman við rekstur City Bikes sem taki til leigu á rafknúnum hlaupahjólum.

Þá sé ekki fallist á það að notkun City Bikes á nafninu ZOLO Reykjavík og ZOLO Iceland gangi í berhögg við 5. gr. eða 15. gr. a. laga nr. 57/2005 en viðskiptahættir félagsins hafi með engu móti verið óréttmætir né hafi nafn á rekstrinum notað firmanafn, verslunarmerki Zolo og dætra, eða nafn rekstursins verið með þeim hætti að það gefi villandi upplýsingar um eignarétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Ítrekað sé að City Bikes hafi hafið notkun á nafninu ZOLO Reykjavík og ZOLO Iceland áður en Zolo og dætur skráðu vörumerkið ZOLO í áður nefndum vöruflokkum en sú skráning hafi farið fram án vitundar City Bikes. Þá hafi rekstur Zolo og dætra verið rekinn undir vefsíðunni ilmólúlampar.is og ekki sérkennt sig við nafnið ZOLO fyrir en eftir að rekstur City Bikes hafi hafist. Með vísan til framangreind verði ekki fallist á að félagið hafi brotið gegn vörumerkjarétti Zolo og dætra né brotið gegn 5. gr. og 15. gr. a. laga nr. 57/2005.

2.

Bréf City Bikes var sent Zolo og dætrum til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 26. maí 2021. Í svarbréfi félagsins, dags. 22. júní 2021, kom fram að öllum rökum sem fram komu í bréfi City Bikes væri mótmælt.

Þá hafni Zolo og dætur því að félagið hafi ekki frá öndverðu markaðssett sig undir vörumerkinu ZOLO. Vefsíða félagsins og markaðssetning hafi frá upphafi öll miðast við þetta vörumerki sem sé um leið kjarni heitis félagsins. Með því að slá inn www.zolo.is á veraldarvefnum þá flytjast viðkomandi jafnskjótt á vefsíðuna ilmólúlampar.is og þar sé vísað til ZOLO ilmólúlampa eins og fram komi á forsíðu vefsíðunnar. Á sama hátt sé verslunin kynnt undir því vörumerki í símaskrá ja.is og því sé það beinlínis rangt að félagið hafi ekki bundið rekstur sinn við sérkennið ZOLO. Þá sé lögð áhersla á að sú hafi verið raunin löngu áður en óskað hafi verið verndar á vörumerkinu.

Mótmælt sé því að skráningar Zolo og dætra hafi komið til eftir að City Bikes hafi hafið notkun á merkinu ZOLO. Sömuleiðis komi spánskt fyrir sjónir sú fullyrðing í bréfi, dags. 3. maí, um að vörumerkjavernd City Bikes á merkinu ZOLO sé eldri en Zolo og dætra enda séu það haldlausar fullyrðingar. Bent sé á að notkun City Bikes á vörumerkinu með því að notast við ZOLO Iceland og ZOLO Reykjavík sé ekki annað en tilraun til afbökunar á vörumerkinu.



Augljós ruglingshætta hljótist af slíku og starfsmenn og stjórnendur þurfi linnulaust að svara símtölum og erindum vegna viðskiptavina City Bikes, misánægðum vegna þess að ekki náist í neinn starfsmann þar á bæ.

Að lokum beri að benda á að Zolo og dætur hafi haft ZOLO orðið sem einkennandi þátt í heiti félagsins frá stofnun þess um tveimur árum áður en City Bikes hafi verið stofnað og hugkvæmdist að reyna að færa sér vörumerkið í nyt.

3.

Bréf Zolo og dætra var sent City Bikes til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 24. júní 2021. Í svarbréfi City Bikes, dags. 9. ágúst, kom fram að City Bikes mótmælti fullyrðingum og rökum Zolo og dætra. Það lægi fyrir að City Bikes hafi hafið rekstur með leigu á rafhjólum undir heitinu ZOLO Iceland og ZOLO Reykjavík áður en vörumerkjaskráning Zolo og dætra hafi tekið gildi í þeim vöruflokkum sem nái til reksturs City Bikes.

City Bikes telji að umfang notkunar Zolo og dætra á heitinu ZOLO í rekstri þess hafi ekki skapað eða beri slíkt sérkenni að það valdi eða komi til með að valda ruglingshættu fyrir neytendur þannig að öðrum sé óheimilt að nýta heitið til reksturs undir öðrum vöruflokki en Zolo og dætur líkt og raun beri vitni í máli þessu.

Þá sé sérstaklega bent á að af vefsíðu Zolo og dætra að dæma þá virðist reksturinn fyrst og fremst kenna sig við „ilmoliulampar“ og heitið ZOLO ekki einkennandi fyrir vörumerkið eða reksturinn sérstaklega ef horft sé til vefsíðu þeirra. Þá áframsendi vefsíðan zolo.is viðkomandi aðila inn á vefsíðuna ilmoliulampar.is.

Að lokum sé fullyrðingum Zolo og dætra um ruglingshættu vegna notkunar City Bikes á heitinu ZOLO mótmælt og að félagið þurfi linnulaust að svara símtölum og erindum vegna viðskipta City Bikes. Ekki hafi verið sýnt fram á viðkomandi fullyrðingu af þeirra hálfu og hún virðist fjarstæðukennd.

Bréf City Bikes var sent Zolo og dætrum til upplýsingar með bréfi Neytendastofu, dags. 26. ágúst. Með bréfinu var aðilum málsins tilkynnt um lok gagnaöflunar og að málið yrði tekið til ákvörðunar stofnunarinnar.

4.

Með tölvupósti Zolo og dætra, dags. 13. október 2021, bárust stofnuninni frekari gögn sem óskað var eftir að yrðu hluti af málinu. Var um að ræða tölvupósta frá notendum þjónustu City Bikes sem sendir höfðu verið Zolo og dætrum fyrir misskilning og vörðuðu beiðnir um bakfærslur eða breytingar á reikningum vegna kaupa á þjónustu hjá fyrirtækinu. Var umrætt bréf ásamt fylgigögnum sent City Bikes til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 21. október 2021, ásamt því að fyrirtækið var upplýst um að bærust ekki svör innan tilskilins frests



yrði litið svo á að gagnaöflun í málinu teldist lokið og málið yrði tekið til ákvörðunar stofnunarinnar.

III. Niðurstaða

1.

Í máli þessu kvartar Zolo og dætur ehf. yfir notkun City Bikes ehf., á auðkenninu ZOLO. Telja Zolo og dætur notkunina brjóta gegn 15. gr. a. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Krefst félagið þess að félaginu verði bönnuð notkun vörumerkisins á vefsíðum að viðlögðum dagsektum. Zolo og dætur hafi m.a. skráð vörumerkið ZOLO og vörumerkjaverndin taki m.a. til rafknúinna hlaupahjóla og rafhjóla. Þá leiði notkun City Bikes á vörumerkinu til verulegs ruglings hjá neytendum og að félagið verði fyrir endurteknu ónæði vegna viðskiptavina City Bikes sem hafi samband við Zolo og dætur en haldi að þeir séu að hafa samband við City Bikes.

City Bikes hafnar athugasemdom og kröfum Zolo og dætra í málinu. Zolo og dætur hafi rekið sína starfsemi undir vefsíðunni ilmoliulampar.is og þegar City Bikes hóf rekstur hafi auðkenning reksturs hins fyrrnefnda ekki verið bundinn við sérkennið ZOLO og starfsemin ekki verið undir sama vöruflokki og City Bikes. Vörumerkjaskráningar þess hafi komið til eftir að City Bikes hóf rekstur sinn undir merkinu Zolo Reykjavík og Zolo Iceland, fyrir rekstur á leigu rafknúinna hlaupahjóla, sem njóti vörumerkjaverndar á grundvelli notkunar og sá réttur teljist eldri en réttur Zolo og dætra. Tiltekið sé að notkun Zolo og dætra á heitinu Zolo hafi ekki haft slíkt sérkenni fyrir upphafsdag starfsemi City Bikes að skapi almennan vörumerkjarétt sem taki til ótengdrar starfsemi enda engin hættu á að neytendur rugli starfsemi Zolo og dætra, sem felist í sölu á ilmkertum og ilmólúlömpum, saman við rekstur City Bikes sem taki til leigu á rafknúnum hlaupahjólum. Því sé ekki fallist á það að notkun City Bikes á nafninu ZOLO Reykjavík og ZOLO Iceland gangi í berhögg við 5. gr. eða 15. gr. a. laga nr. 57/2005.

2.

Í 5. gr. laga nr. 57/2005 er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Ákvæði 15. gr. a. er svohljóðandi:

„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“



Í ákvæðinu felst almenn vernd auðkenna sem kemur til fyllingar á vörumerkjavernd. Efnislega er 15. gr. a. samhljóða ákvæði eldri laga um almenna vernd auðkenna. Fyrri málsliður 15. gr. a. hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Af lögskýringargögnum sést glögg að ákvæðið skiptir máli um viðbótarvernd við þá vernd sem framangreind sérlög veita auðkennum. Þar kemur einnig fram að í 2. másl. greinarinnar sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti. Þetta ákvæði tekur því til sömu auðkenna og almenna reglan í 1. máslíð. Þessi málsliður á við í þeim tilvikum sem báðir málsaðilar eiga rétt til auðkenna sinna og þarf þá að líta til þess hvort notkun þess sem seinna byrjaði notkun valdi ruglingshættu milli aðila.

Í bréfum Zolo og dætra hefur ennfremur verið vísað til laga nr. 45/1997, um vörumerki. Neytendastofu er ekki falið eftirlit með þeim lögum og því getur stofnunin ekki tekið ákvörðun á grundvelli þeirra laga.

3.

Réttur til vörumerkis getur stofnast annars vegar fyrir skráningu og hins vegar fyrir notkun. Meginreglan er sú að eigandi merkis öðlast einkarétt til auðkennisins og er öðrum þar með óheimilt að nota það eða annað auðkenni sem líkist því svo mikið að ruglingshætta skapist. Ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 er einkum ætlað að vernda auðkenni gegn því að keppinautur noti annað auðkenni sem líkist því mikið.

Við mat á ruglingshættu er litið til þess hvort málsaðilar séu í samkeppni og hvort þeir séu á sama markaðssvæði. Til þess að njóta einkaréttar verður auðkennið að vera þess eðlis að það geti aðgreint eiganda þess eða vöru hans eða þjónustu frá keppinautum og takmarkast verndin því að jafnaði við að vörumerkið sé ekki almennt orð og lýsandi fyrir þá vöru eða þjónustu sem málsaðili og keppinautar hans bjóða.

Samkvæmt gögnum málsins eiga Zolo og dætur skráð firmaheiti hjá fyrirtækjaskrá Skattsins frá 28. september 2017, undir ÍSAT atvinnugreinaflokkun 47.19.0, önnur blönduð smásala. Þá á félagið skráð orð- og myndmerkið ZOLO hjá Hugverkastofu, frá 30. nóvember 2019 og orðmerkið skráð 30. maí 2020 í vöruflokkum 3., 4. og 35. Þá hafa Zolo og dætur skráð lénið www.zolo.is hjá ISNIC frá 27. september 2013. Raunar er lénið skráð á félagið Gallerí fasteignir ehf., sem er í eigu sömu aðila, en starfsemi Zolo og dætra fer þar fram. Félagið er með Facebook síðuna [ilmolíulampar](https://www.facebook.com/zoloiceland) og netfangið zolo@zolo.is.

City Bikes á skráð firmaheiti hjá fyrirtækjaskrá Skattsins frá 3. júlí 2017, undir ÍSAT atvinnugreinaflokkun 77.21.0, leiga á tómsunda- og íþróttavörum. Þá á félagið skráð lénið www.zoloiceland.is hjá ISNIC frá 19. ágúst 2019. Notast félagið við Facebook síðuna



zoloiceland og netfangið zolo@zoloiceland.is. Þá þurfa viðskiptavinir að sækja og notast við smáforritið „ZOLO Iceland“ til þess að nýta sér þjónustu félagsins.

Við úrlausn mála sem varða vernd auðkenna er sem fyrr segir nauðsynlegt að horfa til og styðjast við heildarmat á því hvort um ruglingshættu auðkenna sé að ræða. Í því máli sem hér er til umfjöllunar er því mikilvægt við slíkt heildarmat að horfa til ýmissa þátta en einn af þeim er hversu ólík starfsemi fyrirtækjanna er. Zolo og dætur er skráð í atvinnugreinaflokkunina 47.19.0, önnur blönduð smásala, í fyrirtækjaskrá Skattsins. Samkvæmt lýsingu á fyrirtækinu, á vefsíðu félagsins, ilmoliulampar.is, þá eru í vöruframboði þess yfir 200 gerðir af ilmólíum og ilmkiarnaólíum, ásamt fjölda tegunda ilmólulampa. Þá eru til sölu ilmstangir, ilmsprey, ilmkerti, allskonar húð- og snyrtivörur, frönsk ljós og ýmis gjafavara. Verslunin er staðsett á Hafnargötunni í Keflavík auk þess sem hægt er að versla í vefverslun. Starfsemi og vöruframboð City Bikes einskorðast hins vegar við leigu og sölu á rafskútum og er skv. upplýsingum af vef fyrirtækjaskrá Skattsins skráð í atvinnugreinaflokkinn 77.21.0, leiga á tómsunda- og íþróttavörum.

Neytendastofa telur myndmerki fyrirtækjanna talsvert ólík. Auðkenni Zolo og dætra er hringlaga og inniheldur orðið ZOLO sem skipt er upp í tvennt með hástöfum en bæði O skásett. Að ofan eru stafirnir ZO og fyrir neðan LO í hvítum lit á gráum grunni. Auðkenni City Bikes er hringlaga og inniheldur orðið ZOLO í einu orði, í svörtum hástöfum fyrir miðjum hring með orðinu Reykjavík fyrir neðan. Merkið er ýmist á appelsínugulum eða hvítum grunni. Á heimasíðu City Bikes kemur merkið fram með öðrum hætti eða í appelsínugulu letri án grunns.

Þegar farið er inn á vefsíðuna www.zolo.is flyst viðkomandi sjálfkrafa inn á vefsíðuna ilmoliulampar.is. Vissulega hefur komið fram í gögnum málsins að vörumerkjaskráning Zolo og dætra taki m.a. til rafknúinna hlaupahjól og rafhjóla sbr. vöruflokk 35, en ekki er þó að sjá af heimasíðu félagsins að slíkar vörur séu almennt á boðstólnum hvort sem er til sölu eða leigu. Þótt heitið ZOLO sé notað af báðum aðilum í mismunandi mynd í rekstri þeirra þá eru fyrirtækin samkvæmt framansögðu ekki í samkeppni og starfa ekki á sama markaði. Starfsemin er gjörólík sem og framboð á vörum og þeirri þjónustu sem fyrirtækin veita viðskiptavinum sínum. Ólíklegt verður því að teljast að sá neytandi sem ætli sér að leigja rafknúið hlaupahjól, sem einvörðungu er gert í gegnum sérstakt smáforrit fyrirtækisins City Bikes, eigi viðskipti við Zolo og dætur eða vefverslun þess, ilmoliulampar.is, og öfugt. Þegar horft er til framangreinds og annarra fyrirliggjandi gagna verður því að telja verulegan mun á starfsemi fyrirtækjanna í heild sinni, þau séu ekki keppinautar eða starfi á sama markaði og því megi draga af því þá ályktun að markhópar þeirra séu talsvert ólíkir. Þá eru firmaheiti félaganna, Zolo og dætur ehf. og City Bikes ehf., enn fremur ólík. Þá er það mat Neytendastofu þegar horft er til heildarmatsins að fullyrðingar Zolo og dætra, um ónæði af hálfu neytenda sem ætli sér að hafa samband við City Bikes, geti ekki talist hafa úrslitaáhrif þegar kemur að þessu heildarmati og því hvort ruglingshætta sé til staðar, sem byggist sem fyrr segir á ýmsum sjónarmiðum.



Er það því mat Neytendastofu m.t.t. framangreinds að þrátt fyrir notkun á sama heitinu „ZOLO“ í einhverri mynd þá greini svo mikið á milli auðkennanna í heild sinni að ekki sé hætt á að ruglingshætta skapist. Að teknu tilliti til ofangreinds telur Neytendastofa að neytendur séu ólíklegir til að eiga viðskipti við rangan aðila eða auðkennið geti orðið til þess að ruglingshætta skapist vegna notkunar City Bikes á heitinu ZOLO. Eins og málum er hér háttáð telur Neytendastofa því ekki um að ræða brot gegn ákvæðum laga nr. 57/2005 eða tilefni til frekari afskipta eða aðgerða af hálfu stofnunarinnar.

IV. Ákvörðunarorð:

„Ekki er ástæða til aðgerða Neytendastofu í máli þessum.“

Neytendastofa, 6. desember 2021

Þórunn Anna Árnadóttir
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir